

## GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Sérstök söfnun er við heimili og er flokkun með 3 tönnum auk lífræns hólfs í tunnu fyrir almennt sorp.

Breytilegt gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:		Gjald kr./flát á ári	
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 1	Íbúð/sérbyli	Fjölbyli
	240 l grá tunna	24.800	-
	240 l grá tunna + lífrænt hólfs	31.000	-
	660 l grá tunna	-	98.950
	120 l lífræn tunna	9.810	-
	240 l lífræn tunna	-	19.620
<b>Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:</b>			
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 2	Íbúð/sérbyli	Fjölbyli
	240 l blá tunna	11.000	11.000
	360 l blátt ker	-	25.750
	660 l blátt ker	-	47.200
<b>Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:</b>			
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 3	Íbúð/sérbyli	Fjölbyli
	240 l græn tunna	11.000	11.000
	360 l grænt ker	-	25.750
	660 l grænt ker	-	47.200

## 3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og aðgengi að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fast gjald á fasteignir í a-lið	18.000 kr.
Fast gjald á fasteignir í b- og c-lið	27.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Önnur gjöld:

Tunnugjald: Nýjar 120 l lífrænar tunnur	15.060	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l lífrænar tunnur	20.780	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	20.780	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 360 l ker	Sérpöntun	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	82.400	kr./ílát
Útkeyrslugjald tunnur	3.100	kr./ferð
Útkeyrslugjald ker	6.200	kr./ferð
Teygjufesting á lok í lausasölu	1.000	kr./stk.
Lok á tunnur 120 l	2.080	kr./stk.
Lok á tunnur 240 l	2.080	kr./stk.
Lok á tunnur 360 l	Sérpöntun	kr./stk.
Lok á tunnur 660 l	10.330	kr./stk.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins og afhending þeirra er á móttöku- og flokkunarstöð við Norðurbakka. Tunnur eru seldar á kostnaðarverði.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2025.

*Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 12. desember 2024.*

**Elliði Vignisson** bæjarstjóri

B-deild – Útgáfudagur  
**ÖLFUSS**  
BÆJARSTJÓRN